

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hörgársveit.

Hjalteyri, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 29. apríl 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hjalteyri í Hörgársveit. Í breytingunni felst að legu Hjalteyrarvegur á skipulagsuppdrætti er hliðrað lítillaga, tenging milli Hjalteyrarvegur og Búðagötu er færð til vesturs, nýjum lóðum sunnan Hjalteyrarvegur er hliðrað til austurs og fjölgað um eina, minniháttar breytingar eru gerðar á lóðarmörkum Friðrikshúss og Péturshúss, felld er út ráðgerð breyting á lóðarmörkum kaffihúss og felld út bindandi byggingarlína á lóðum við Hjalteyrarveg.

Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Hörgársveitar, 7. maí 2021,

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 25. maí 2021